



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2017

SÁLF3AF05 Afbrigðileg sálfræði

Kennari: Árni Blandon	Sk.st.	ÁB
------------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing

Titill	Afbrigðileg sálfræði
Námsgrein	Sálfræði
Viðfangsefni	Hin ýmsu afbrigði geðrænna vandamála kynnt
Skammstöfun	SÁLF3AF05
Prep	3
Einingafjöldi	5
Lýsing	Áfanginn fjallar um geðheilsu og geðræn vandamál. Fjallað er um almennt geðheilbrigði og geðrækt bæði út frá sálfræðilegum kenningum og læknisfræðilega líkaninu. Lögð er áhersla á að nemendur átti sig á samspili líkamlegra og andlegra þátta í tengslum við geðheilbrigði og þróun geðraskana. Nemendur kynnst leiðum til að verjast streitu og taka á afleiðingum hennar. Einnig er fjallað um ýmsar geðraskanir og helstu meðferðarúræði við þeim. Meginmarkmið áfangans er að nemendur öðlist skilning á geðheilsu, geðrækt og eðli geðraskana
Forkröfur	SÁLF2IN05 eða áfangi á öðru þrepi í félagsgreinum
Þekkingarviðmið	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none">• geðheilsu og geðröskunum• mismunandi nálgun sálfræðinnar á geðheilsu• helstu hugtökum og kenningum geðsálfræðinnar• framlagi geðsálfræðinnar innan sálfræðinnar og til samfélagsins
Leikniviðmið	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none">• miðla sérhæfðri færni með því að beita almennum og sértækum vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum• afla upplýsinga, greina þær og setja í fræðilegt samhengi• nýta fræðilegan texta á íslensku og erlendu tungumáli• miðla fræðilegu efni skýrt og skilmerkilega í ræðu og riti
Hæfniviðmið	Nemandi skal geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: <ul style="list-style-type: none">• vinna úr rannsóknargögnum og leggja á þau mat• sýna frumkvæði að raunhæfum lausnum• beita skapandi hugsun við lausnamiðað nám• meta eigin frammistöðu og annarra á gagnrýninn hátt• geta tekið þátt í rökraðum um málefni sem tengjast sálfræðinni

<p>Námsmat</p>	<p>Símat: Kaflapróf, ekkert lokapróf</p> <p>1.Krossapróf úr hverjum kafla 85%</p> <p>2.Próf úr enskuhluta 5%</p> <p>3.Hópverkefni og mæting 10%</p> <p>4.Munnleg greinargerð fyrir hópverkefni á fimmtudögum daginn fyrir próf. Þeir sem ekki komast á þeim tíma skila verkefnum skriflega áður en þeir fara í próf (skilyrði fyrir próftökurétti). Samviskusamleg vinna við verkefni og góð mæting geta hækkað nemanda um einn heilan í aðaleinkunn, jafnvel þótt bónusinn fyrir þá vinnu sé aldrei meiri en 0,3 (einkunn fyrir prófin upp á 7,2 hækkar um 0,3 og aðaleinkunn endar í 8).</p> <p>5.Skrifleg kaflapróf (krossar/hringir) á föstudögum. Ef nemandi kemst ekki á þessum dögum skal hann láta vita með viku fyrirvara, ella skila inn læknisvottorði.</p> <p>6.Þeir sem ná 8.0 á þremur fyrstu krossaprófunum eiga þess kost að ljúka önninni í næsta prófi. Þeir þurfa að taka öll fimm prófin, sleppa ekki við síðasta prófið.</p> <p>7.Hámarksbónus í mætingaeinkunn er 0.3 fyrir fulla mætingu og góða stundvísi. Fyrir hverjar tvær fjarvistir (eða sex seinkomur) minnkar bónusinn um 0.1.</p> <p>8.Prófsýnisdagur einungis á mánudögum, strax eftir próf.</p>
<p>Áætlun um yfirferð</p>	<p>Vika:</p> <p>1-3. Þarfir og hvatir.</p> <p>4-6. Atferlisvakar og geðshræringar.</p> <p>7-9. Streita og hefting.</p> <p>10-12. Afbrigðasálfræði.</p> <p>13-15. Meðferðarform.</p> <p>15-16. Nokkrar blaðsíður á ensku.</p> <p>Próf: Í 3., 6., 9., 12., 15. og 16. viku.</p>

Selfossi, janúar 2017

Árni Blandon